

ÍS 47 ehf.  
Fagraholti 3  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 7. október 2020  
UST202003-225/H.S.J.  
08.12.0

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 17.9.2020, hjá ÍS 47 ehf.**

Þann 17.9.2020 fór fram eftirlit í fiskeldi ÍS 47 ehf, Önundarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:**


1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Skila á ársyfirliti vegna undangengins almanaksárs fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti vegna árs 2019 hefur ekki enn verið skilað.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Skila á grænu bókhaldi vegna undangengins almanaksárs fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi ársins 2019 var ekki skilað fyrir 1. maí.  
**Bókhaldinu var skilað í september 2020 og frávakinu er því lokið.**
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Skila á útstreymisbókhaldi vegna undangengins almanaksárs fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhaldi ársins 2019 var ekki skilað fyrir 1. maí.  
**Bókhaldinu var skilað í september 2020 og frávakinu er því lokið.**

Rekstraraðili vann eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik frá 2018 er varðar skráningar sbr. gr. 3.1 í starfsleyfi. Skv. bréfi Umhverfisstofnunar um samþykkt úrbótaáætlunar, dags. 30. apríl sl., stóð til að klára forritun á vordögum og hefja rafrænar skráningar í kjölfarið. Við vettvangsheimsókn þann 17. september sl. höfðu rafrænar skráningar ekki enn verið hafnar af rekstraraðila, en honum hafði borist forrit til innsláttarskráninga þann 16. sept sl. og hugðist hefja skráningar þar fljótlega.

Umhverfisstofnun óskar eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu fráviki frá gr. 3.2 í starfsleyfi um skil á ársyfirliti fyrir árið 2019 og staðfestingu á því að rafrænar skráningar hafi hafist vegna fráviks frá 2018 er varðar gr. 3.1. í starfsleyfi. Hafi rafrænar skráningar ekki hafist óskar stofnunin eftir uppfærðri tímasettri áætlun vegna þess fráviks. Stofnunin óskar eftir því að umbeðin gögn berist stofnuninni eigi síðar en 28.10.2020.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffia Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíældi

#### Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

|   |                                      |                                       |  |
|---|--------------------------------------|---------------------------------------|--|
| Nafn rekstraraðila:<br>ÍS 47 ehf.       | Dags. eftirlits:<br>17.09.20         | Staðsettning stöðvar:<br>Önundarfirði | Brottfallinn starfsleyfisflokkur:<br>3   |
| Kennitala rekstraraðila:<br>650603-3030 | Gildistími starfsleyfis:<br>31.12.30 | Kvittun afhend:<br>Já                 | Gerð stöðvar:<br>Framleiðsla á allt að 1200 tonnum af regnbogasilungi og þorski árlega í sjókvíum. |

| Starfssemi  | Já /<br>Í lagi | Nei /<br>Ekki í<br>lagi | Á ekki við | Athugasemdir:   |
|---|----------------|-------------------------|------------|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi?  | X              |                         |            | Leyfið er til 1200 tonna ársframleiðslu en þó má ekki vera meira en 1000 tonna lífmassi á hverjum tíma. Þegar eftirlitið fór fram var um 140-150 tonna lífmassi og slátrun á árinu 2019 var um 26 tonn.   |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br>Áætlaðar breytingar?                     | X              |                         |            | Engar stórar breytingar hafa verið á starfsemi, né eru áætlaðar.<br>Búið er að setja upp á skráningarform á tölvutækt form.   |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | X              |                         |            | Skráð er á blöð um borð og í dagbók í landi, sem verður fljóttlega fært yfir í tölvutæka skráningu í landi. Um er að ræða fjölda dauðfiska, fóðurskráningu o.fl.<br>Þjálfunarskrá var á staðnum, og skráningar í dagbók skoðaðar.<br>Rekstraraðili var hvattur til að halda betur utan um skráningar á magni dauðfisks og slógs sem fer til móttökuaðila. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?   |                | X                       |            | Skýrslunni hefur enn ekki verið skilað þann 6. október.   |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?                                 |                | X                       |            | Bæði útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi vegna árs 2019 var skilað í september 2020.   |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir   | X              |                         |            | Í lagi og á staðnum í gæðahandbók.  |

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíældi

|   |   |  |   |                      |
|---|---|--|---|----------------------|
| aðgengilegar á staðnum?<br>(viðbragðsáætlun vegna<br>bráðmengunar,<br>viðbragðsáætlun vegna<br>tímacundinnar og<br>ótímacundinnar<br>rekstrarstöðvunar) |   |  |   |                      |
| Samráðsfundur?<br>Næsti fundur boðaður?   |   |  | X |                      |
| Er trygging vegna<br>bráðamengunar í gildi?   | X |  |   | Í gildi.             |
| Er neyðaráætlun til<br>staðar?  | X |  |   | Í lagi og á staðnum. |

| Umhverfi  | Já /<br>Í lagi | Nei /<br>Ekki í<br>lagi | Á ekki við | Athugasemdir:  |
|---|----------------|-------------------------|------------|--|
| Umhverfismarkmið og<br>umhverfisstjórnunarkerfi?  | X              |                         |            | Í lagi.  |
| Stýring á fóðurgjöf<br>þannig að<br>úrgangsmýndun sé í<br>lágmarki?   | X              |                         |            | Fóðri er blásið samkvæmt<br>fóðurtöflu, miðað við hitastig, og<br>skoðað hvernig fiskur tekur.<br>Einungis viðhaldsfóðrun hefur átt<br>sér stað í sumar þar sem fiskur er<br>orðinn mjög stór. |
| Er skráning á losun<br>fósfórs og köfnunarefnis?<br>Eru losunarmörk vört?<br><br>Mælingar eða<br>útreikningar?<br><br>Síðustu mælingar? | X              |                         |            | Excel skjal sem reiknar út losun frá<br>fóðurnotkun.<br><br>Þar sem ársyfirlit og þar með tölur v.<br>2019 hafa ekki borist er ekki ljóst<br>hvort losunin er innan marka leyfis.              |
| Hvernig er fylgst með<br>uppsöfnun fóðurleifa –<br>þarf að fylgjast með?<br><br>Er mikið af<br>þörungablóma eða fugli í<br>nágrenninu?  | X              |                         |            | Fiskar veiddir undan kvíum og<br>athugað hvort þeir hafi étið<br>fóðurleyfar. Kafarara fylgjast einnig<br>með við þrif á nótum.  |
| Er staðsetning kvíældi skv.<br>starfsleyfi?   | X              |                         |            | Í lagi.  |

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíaeldi

|   |   |   |   |  |  |
|---|---|---|---|--|--|
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?  |   |   |   | Tvær kvíar á svæði A, meðalþyngd fisks um 4 kg og um 37 þús fiskar.  |  |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | X |   |   | Áætlað er að slátrun hefjist um mánaðamótin september/október og verði lokið fyrir byrjun desember.<br>Blóðgað er um borð í Öldunni og slægt á Flateyri. Líklega verður fiskur heilfrystur á Bíldudal.<br>Klofnungur tekur við slógi. Næsta útsetning er þá áætluð á svæði A í vor eftir 6 mánaða hvíld. |  |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?   | X |   |   | Vöktunarskýrsla hefur ekki borist en skv. upplýsingum frá vöktunaraðila seinasta veturnorru sjósýni tekin í nóvember 2019.   |  |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?                               | X |   |   | Farið er daglega með dauðfisk í Klofnung.  |  |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?   | X |   |   | Sýni voru tekin í nóvember sl. í samræmi við nýja vöktunaráætlun ÍS 47 ehf. sem er í samræmi við starfsleyfi.  |  |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.   |   | X |   | Hefur ekki verið skilað. Skv. upplýsingum frá vöktunaraðila þann 2. október sl. er von á niðurstöðum vöktunar 2019 á næstu dögum.  |  |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.  |   |   | X | Á ekki við.  |  |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi?<br>Hver sér um mælingarnar?                              | X |   |   | Næstu mælingar eru áætlaðar í kringum hvíld svæðis A, sem er í samræmi við starfsleyfi.<br>Rorum sér um mælingar.  |  |

#### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Við eftirlit 2019 voru þrjú frávik enn opin frá eftirliti 2018 er vörðuðu skráningar, fullnægjandi ársyfirlit ársins 2017 og vöktun í samræmi við vöktunaráætlun. Tvö ný frávik komu fram við eftirlitið, er vörðuðu ársyfirlit ársins 2018 og uppfærslu vöktunaráætlunar. Ein ábending var gerð er varðaði losun fosfórs og köfnunarefnis.

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíældi

|                   |   |
|-------------------|---|
| <b>Samantekt:</b> | <p>Þrjú frávik komu fram við eftirlitið, öll varða þau gagnaskil. Tvær ábendingar eru gerðar, er snúa að skilum vöktunarskýrslu og utanumhaldi skráninga magns dauðfisks og slógs.</p> <p>Úrbótaáætlun rekstraraðila vegna eldri frávika var samþykkt þann 30. apríl og er einungis úrbótum vegna eins fráviks ólokið. Frávikið varðaði skráningar, sbr. gr. 3.1. og voru úrbætur teknar út í eftirlitinu. Rekstraraðili hefur ekki hafið skráningar á tölvutæku formi eins og til stóð en handskráir í dagbækur. Skv. rekstraraðila barst honum forrit til innsláttar skráninga þann 16. sept sl. og hyggst hann hefja skráningar þar fljótegla.</p> <p>Ársyfirlit rekstraraðila v. ársins 2019 hefur ekki enn borist. Grænt bókhald og útstreymisbókhald bárust ekki fyrir 1. maí og eru frávik þess efnis skráð. Ákvarðanir um áminningar vegna skila græns bókhalds og útstreymisbókhalds voru teknar þann 14. sept sl. Bæði græna bókhaldinu og útstreymisbókhaldinu hefur verið skilað síðan og telst frávikunum því lokið og ekki verður um frekari eftirfylgni að ræða af hálfu stofnunarinnar.</p> <p>Skv. upplýsingum frá rekstraraðila og vöktunaraðila voru tekin sýni á eldissvæði A í nóvember sl. en niðurstöður vöktunar hafa ekki enn borist rekstraraðila. Stofnunin bendir á að niðurstöður vöktunar skulu berast með ársyfirliti og öðrum gögnum fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Skv. upplýsingum frá vöktunaraðila þann 2. október sl. er von á niðurstöðum vöktunar 2019 á næstu dögum.</p> |
| <b>Annað:</b>     | <p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkanar eða lækkunar tíðni eftirlits.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru sendar rekstraraðila og er hann hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig sendur rekstraraðila með fundarboði vettvangsheimsóknar.</p>  |

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Ís 47 ehf. Önundarfirði



|                     |                        |                         |                          |
|---------------------|------------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits      | 17.9.2020              | Ábyrgðarmaður eftirlits | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| Fyrirtæki           | Ís 47 ehf.             | Eftirlitsmaður          | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| Heimili             | Fagraholti 3           | Tegund eftirlits        | Reglubundið              |
| Kennitala           | 650603-3030            | Flokkur                 | Fiskeldi                 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gísli Jón Kristjánsson | ÍSAT nr.                | 03.21.00                 |
| Fulltrúi fyrirtækis |                        | Staðsetning             |                          |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þnjú frávik komu fram við eftirlitið og tvær ábendingar eru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Visað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir áhættumat vegna tíðni eftirlita.
- Farið yfir seinustu skýrslur, frávik, ábendingar og úrbætur.
  - o Sbr. bréf Umhverfisstofnunar dags. 30. apríl
  - Skráningar og vöktunaráætlun
- Umfang eldis
  - o Útsetningar- og slátrunaráætlani
  - o Fóðurnotkun
  - o Sláturtölur
- Skil á gögnum
  - o Ársyfirlit og vöktunarskýrsla 2019
  - o Grænt bókhald 2019
  - o Útstreymisbókhald 2019
- Viðbragðsáætlanir v. rekstrarstöðvunar og mengunaróhappa
- Úrgangur, spilliefni og lyf
  - o Umgengni um mengandi efni
  - o Dauðfiskur
  - o Annar úrgangur
- Skráning olíugeyma á landi skv. reglugerð nr. 884/2017
- Farið að kvíum og aðstæður skoðaðar

Í seinustu eftirlitsskýrslu voru þnjú eldri frávik opin og tvö ný frávik skráð. Úrbætur voru teknar út í eftirlitinu. Úrbótum eins fráviks er enn ólokið, og varðar það skráningar, sbr. gr. 3.1. Hefja átti skráningar á tölvutækuformi en slikt hefur ekki enn verið gert og eru allar skráningar rekstraraðila í dagbækur.

### Frávik frá

gr. 3.2 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Skila á ársyfirliti vegna undangengins almanaksárs fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti vegna árs 2019 hefur ekki enn verið skilað.

gr. 3.3. í starfsleyfi

Skila á grænu bókhaldi vegna undangengins almanaksárs fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi ársins 2019 var ekki skilað fyrir 1. maí. Bókhaldinu var skilað í september 2020 og frávikan er því lokið.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Skila á útstreymisbókhaldi vegna undangengins almanaksárs fyrir 1.

maí ár hvert. Útstreymisbókhaldi ársins 2019 var ekki skilað fyrir 1. maí.  
Bókhaldinu var skilað í september 2020 og frávíkinu er því lokið.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að vöktunarskýrslur skulu berast fyrir 1. maí ár hvert vegna vöktunar undangengins árs, líkt og ársyfirlit.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að bæta þarf utanumhald skráninga magns dauðfisks og slógs sem fer til móttökuaðila.


## ANNAÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkanar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru sendar rekstraraðila og er hann hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig sendur rekstraraðila með fundarboði vettvangsheimsóknar.

Reykjavík, 07.10.2020

  
Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

bis. 4

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.